LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegsráðherra

7. maí 2014

Efni: Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða

Landssamband smábátaeigenda fundaði með atvinnuveganefnd Alþingis 5. maí sl. Tilurð fundarins var umsögn LS við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld. LS upplýsti nefndina um efni umsagnarinnar og undirritaðir fulltrúar félagsins svöruðu fyrirspurnum frá nefndarmönnum.

Í lok fundarins heimilaði formaður nefndarinnar, Jón Gunnarsson, nokkrar fyrirspurnir frá LS. Formaður upplýsti að nefndin hefði nokkur mál til skoðunar er varða lög um stjórn fiskveiða. Þar væri ekki einungis atriði er varða dagsetningar því aðspurður um óskir LS um skipti á ufsa úr krókaaflamarki fyrir ýsu úr aflamarki sagði hann nefndina vita af því máli.

Hér með fer LS þess á leit við yður að beina því til háttvirtrar nefndar að leggja til eftirfarandi breytingar á lögum um stjórn fiskveiða:

1. heimilt verði að skipta á krókaaflamarki í ufsa fyrir aflamark í ýsu
2. í stað 6.000 tonn af botnfiski í gr. 6 a komi 10.194 tonn
3. 1. og 2. mgr. í bráðabirgðaákvæði IX falli brott
4. í bráðabirgðaákvæði V komi 2015 í stað 2014
5. í 1. ml. 10. gr. á eftir orðinu aflaheimildir komi „til ívilnunar á afla dagróðrabáta".
6. 5. mgr. 10. gr. orðist svo: Dagróðrabátur sem landar í byggðarlagi sem úthlutað hefur verið aflaheimildum sbr. 2. tl og á grundvelli hennar er heimilt að landa 20% umfram úthlutað aflamark í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks enda komi jafn hátt aflamark á móti sem úthlutað hefur verið til viðkomandi byggðarlags.

   Aðrar mgr. 10. gr. verði lagaðar að framgreindum breytingum.

7. 3. ml 8. mgr. orðist svo: Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta sem ekki falla undir 1. og 2. ml. þessarar greinar að landa 3% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra.

Greinargerð:

v. 1. tl.

Á sl. þremur fiskveiðiárum hafa alls 1.885 tonn af ufsa verið ónotuð hjá krókaaflamarksbátum, ekki nýst til veiða (brunnið inni).

2010 - 2011	306 tonn
2011 - 2012	451 tonn
2012 - 2013	1.128 tonn

Samtímis hefur skort ufsa í aflamarkskerfið, en það verið aflögufært með ýsu. Það er ósk LS að heimilað verði á yfirstandandi fiskveiðiári að skipta krókaaflamarki í ufsa á aflamarki í ýsu. Fiskistofa hafi umsjón með skiptunum þar sem stuðst verður við sömu aðferð og gert í viðskiptum á skiptimarkaði stofunnar.

v. 2. og 3. tl.

Fiskveiðiárið 2011 - 2012 voru strandveiðar komnar í öruggan farveg. Byrjunarörðugleikar að baki. Það ár var leyfilegur heildarafli í þorski 177.000 tonn og í ufsa 52.000 tonn. Til strandveiða voru þá ætluð 6.800 tonn af þorski og 1.800 tonn af ufsa og hefur svo verið óbreytt síðan.

Á yfirstandandi fiskveiðiári eru útgefnar veiðiheimildir í þorski 214.400 tonn og leyfilegt er að veiða 57.000 tonn af ufsa. Aukning í þorski 20,91% og ufsa 9,62%.

Það er krafa LS að nú þegar verði viðmiðun til strandveiða aukin sem þessu nemur – þoskur fari í 8.222 tonn og ufsi 1.973 tonn eða alls 10.194 tonn.

Aflatölur verði færðar í 6. gr. a og bráðabirgðaákvæði fellt úr gildi.

Það er mat LS að breytingin verði til að auka enn gæði afla, draga úr aðgæslusjósókn og að ekki þurfi að grípa til stöðvunar veiða á einstökum svæðum í miðjum mánuði.

v. 4. tl.

Ákvæði greinarinnar sem fjallar um aðlögun að hámarkshlutdeild verði framlengt um eitt ár eða þar til heildarenduskoðun laganna, sem nú stendur yfir, lýkur.

v. 5. og 6. tl.

Tillaga LS gerir ráð fyrir að allur byggðakvóti verði veiddur af dagróðrabátum með ívilnandi hætti. Byggðakvóta verði úthlutað til byggðarlaga eftir sömu reglum og

verið hefur. Úthlutun til einstakra báta verður afnumin þar sem slíkt gerist ekki þörf með ívilnunarkerfi.

v. 7. tl.

Tillagan gerir ráð fyrir að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri